

Reglugerð um íþróttamann Borgarfjarðar

Í grein 6.3. í samstarfsamningi UMSB og Borgarbyggðar er kveðið á um að UMSB sjái um sameiginlegt kjör á íþróttamanni Borgarfjarðar. Reglugerð þessi gildir um kjörið og er gerð í samræmi við ákvæði í samningnum.

1. grein

Sambandsstjóri UMSB ber ábyrgð á kjöri íþróttamanns Borgarfjarðar.

2. grein

Sem fyrst eftir áramót skal kjósa íþróttamann Borgarfjarðar. Kjörgengi hafa allir íþróttamenn sem náð hafa 14 ára aldri og hafa stundað íþrótt sína með aðildarfélagi UMSB eða átt lögheimili í á sambandssvæði UMSB á því ári sem kjörið nær til.

3. grein

Hverju aðildarfélagi og hverri íþróttadeild er skylt fyrir 2.janúar ár hvert að tilnefna 1 einstakling eða þar. Tilnefningar og greinargerð á þar til gerðum eyðublöðum um árangur á árinu skal senda til þjónustumiðstöðvar UMSB. Stjórn UMSB og sveitastjórnir geta hver um sig ákveðið að tilnefna allt að 3 einstaklinga til viðbótar við þá er aðildafélög og deildir tilnefna bæði að eigin frumkvæði og eftir ábendingum frá almenningi. Auglýst skal sérstaklega eftir tilnefningum almennings. Tilnefningar ásamt greinargerðum skulu sendar rafrænt til þeirra er atkvæðisrétt hafa.

4. grein

Þeir sem hafa atkvæðarétt í kjörinu eru:

- a. Stjórnarfolk í UMSB hefur eitt atkvæði hvert, stjórnir aðildarfélaga og stjórnir deilda þeirra eitt atkvæði hver stjórn.
 - b. Sérstök þriggja manna valnefnd sem skipuð er með eftirfarandi hætti, einn tilnefndur á sambandsþingi UMSB, einn tilnefndur af Borgarbyggð og einn af stjórn UMSB. Fulltrúar UMSB skulu ekki eiga sæti í stjórn sambandsins.
- Atkvæði greidd samkvæmt lið a gilda 50% á móti atkvæðum greiddum samkvæmt lið b.

5. grein

Atkvæði greiðast þannig að sá sem lendir í fyrsta sæti fær 10 stig, sá sem lendir í öðru sæti fær 9 stig, sá sem lendir í þriðja sæti fær 8 stig og svo framvegis. Sá íþróttamaður sem fær flest atkvæði samanlagt frá þeim sem greiða atkvæði samkvæmt lið a hlýtur 10, sá sem fær næstflest fær 9 stig o.s.fv..

Sá íþróttamaður sem valinn er í fyrsta sæti samkvæmt lið b hlýtur 10 stig, sá næsti hlýtur 9 stig o.s.fv.

Leggja skal saman stigafjölda íþróttamanna samkvæmt lið a og b og sá íþróttamaður sem flest atkvæði fær samanlagt skal útnefnast íþróttamaður Borgarfjarðar. Standi tveir íþróttamenn upp með jafn mörg atkvæði skal val samkvæmt lið a ráða úrslitum. Sá íþróttamaður sem flest stig fær samkvæmt þessari aðferð hlýtur sæmdarheitið “Íþróttamaður Borgarfjarðar”.

6. grein

Íþróttamaður Borgarfjarðar fær afhentan farandbikar til varðveislu í eitt ár. Letra skal á bikarinn nafn þess sem hann hlýtur og ártal. Bikarinn vinnst aldrei til eignar en þegar hann hefur verið afhentur í 10 ár skal hann tekinn úr umferð og skal eftir það geymdur í bikarsafni UMSB. Auk farandbikarsins skal Íþróttamaður Borgarfjarðar fá afhentan eignabikar og skal letra á hann nafn þess sem hann hlýtur og ártal.

7. grein

Fimm fyrstu í kjöri íþróttamanns Borgarfjarðar fá afhenta gripi til eignar til minningar um kjör sitt. Í áletrun skal koma fram röð þeirra í kjörinu og ártal. Aðrir sem tilnefndir eru skulu fá sérstaka viðurkenningu því til staðfestingar. Þegar kjöri íþróttamanns Borgarfjarðar er lýst skal skýra frá nöfnum og stigafjölda fimm stigahæstu einstaklinganna og nöfnum allra annarra sem stig hljóta í kosningunni í stafrófsröð en án stigafjölda

8. grein

Viðurkenningarnar skulu afhentar sem fyrst eftir áramót í samvinnu UMSB og Borgarbyggðar.

Reglugerð þessi var samþykkt á formannafundi UMSB 5. október 2017.